

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**774. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 10. desember 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Bréf Umhverfisstofnunar
3. Erindi Landgræðslu ríkisins.
4. Bréf Samkeppniseftirlitsins.
5. Sala á fasteigninni að Kirkjuvegi 8 á Hvammstanga. Tilboð.
6. Erindi Rakelar Runólfsdóttur og Jóhannesar Kára Bragasonar.
7. Ársreikningar Húnaþjóðs.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til fundar við byggðarráð, verkstjóri áhaldahúss er í fríi og mætir því ekki á fund.. Farið yfir helstu atriði sem unnið er að s.s. við viðhald grunnskólans á Borðeyri, íþróttamiðstöð, uppsetningu ljósastaura, útrásir, snjómokstur, vélaviðhald o.fl. Umhverfisfulltrúi mætti til fundarins undir þessum lið og lagði fram drög að samningi við Björgunarsveitina Húna um áramótabrennu og flugeldasýningu á gamlárskvöld. Byggðarráð samþykkir samningsdrögin og felur sveitarstjóra undirritun hans.
2. Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 5. desember s.l. staðfesting áætlunar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa fyrir Hvammstangahöfn. Stofnunin staðfestir áætlunina sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 792/2004. Næsta endurskoðun skal fara fram í síðasta lagi árið 2015.
3. Lagt fram erindi Landgræðslu ríkisins dags. 4. desember s.l. Beiðni um styrk á árinu 2013 vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ Byggðarráð hafnar erindinu.
4. Lagt fram til kynningar bréf Samkeppniseftirlitsins dags. 29. nóv. s.l. Kynning á tilmælum til sveitarfélaga sem Samkeppniseftirlitið gaf út þann 25. september s.l. álit 1/2012 um samkeppnissjónarmið við útleigu og sölu húsnæðis á vegum hins opinbera.
5. Sala á fasteigninni að Kirkjuvegi 8 á Hvammstanga. Tvö tilboð bárust í eignina annars vegar frá Ólafi Pálma Tryggvasyni og Guðríði H. Helgudóttur að upphæð kr. 11.111.111 og hins vegar frá Völundi ehf. að upphæð kr. 1.258.000. Fasteignin Kirkjuvegur 8 er í sameiginlegri eigu Húnaþings vestra og Ríkissjóðs Íslands. Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti að selja Ólafi Pálma Tryggvasyni og Guðríði H. Helgudóttur fasteignina að Kirkjuvegi 8 á Hvammstanga og felur sveitarstjóra að undirrita f.h. Húnaþings vestra öll nauðsynleg gögn sem varða söluna.
6. Lagt fram erindi Rakelar Runólfsdóttur og Jóhannesar Kára Bragasonar dags. 28. nóv. s.l. Umsókn um styrk vegna lesblindunámskeiðs hjá Betra námi ehf. Erindinu frestað og vísað til skoðunar fræðslu- og félagsmálastjóra.
7. Lagðir fram ársreikningar Húnaþjóðs fyrir árin 2002-2011. Byggðarráð samþykkir reikningana.
Samþykkt að taka á dagskrá.
8. Erindi frá stjórn Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna, fjárhagsáætlun fyrir árið 2013. Byggðarráð samþykkir framlagða fjárhagsáætlun.
9. Byggðarráð samþykkir að í stað þess að senda út jólakort, þá verði andvirði þeirra greitt til jólasjóðs RKÍ Hvammstangadeildar.

10. Umræða um vinnu við endurskoðun samþykktar og stjórnarsýslu sveitarfélagsins og um kröfu fjármálaráðherra í lönd sveitarfélagsins til þjóðlenda.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:16:04

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán E. Böðvarsson

Áheyrnarfulltrúar:

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri.

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.